

# LEIR MEÐ QR KÓÐUM

KRAKKAHÓPUR 3-6 ÁRA U.D.B. 4-6 BÖRN.

## EFNIVIÐUR

IPAD  
QR KÓÐARNIR  
QR CODE FORRIT  
SLEIF  
SKÁL  
BOLLI  
HVEITI  
SALT  
OLÍA  
VATN  
MATARLITUR

## Framkvæmd

1. Kennarinn tekur saman efniviðinn og áhöldin og hefur þau aðgengileg fyrir stundina.
2. Börn tvö og tvö saman taka eina skál og sleif.
3. Síðan er eitt barn með iPad og skannar QR kóðan sem er merktur nr. 1.
4. Börnin lesa fyrsta skref uppskriftarinnar og setja 2 bolla af hveiti ofan í skálina.
5. Börnin gera þetta með alla QR kóðana og fylgja uppskriftinni.
6. Þegar allir QR kóðanir hafa verið skannaðir eru börnin búin að búa til sinn eigin leir.



## Uppskrift:

2 bollar hveiti

1 bolli salt

1 bolli heitt vatn

2 matskeiðar olía

Matarlitur eftir smekk

Öllu er blandað saman og

hnoðað

Markmið – hvað viljum

við að þau

læri/uppgötvi/skapi

- Hvað er gott að hafa í huga
- Að börn eru ekki nákvæm í mælingum svo það gæti þurft að bæta meira hveiti eða vatni við leirinn
- Gott að plasta QR kóðana

- Kynnast Qr kóðum
  - Mynstur
  - Litafræði
- Upplýsingatækni
  - Stærðfræði
  - Fínhreyfingar